

Borgarstjórn Reykjavíkur
19. nóvember 2024

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um um að ráðist verði í tafarlausar neyðaraðgerðir til að bæta umferðaröryggi við gatnamót Sæbrautar og Kleppsmýrarvegur

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að farið verði í neyðaraðgerðir, í samráði við Vegagerðina, til að bæta umferðaröryggi á gatnamótum Sæbrautar og Kleppsmýrarvegur. Í fyrsta lagi er lagt til að sérstakri snjallgangbraut verði komið fyrir á gatnamótunum. Snjallgangbrautir virka þannig að þær skynja þegar gangandi vegfarendur nálgast gangbrautina. Þá kviknar LED göngulýsing sem lýsir upp gangbrautina og vegfarendur á meðan gengið er yfir götuna. Í annan stað er lagt til að gatnamót þessi verði snjallvædd með nýjustu tækni í snjallljósastýringum, en umferðarljósín á gatnamótum Kleppsmýrarvegur og Sæbrautar sýna svo ekki verður um villst, að þeim er stýrt með klukku þar sem græna ljósið varir aðeins í 15 sekúndur þegar gengið er yfir götuna og er þar af leiðandi ekki snjallvætt. Snjallljós skynja umferð akandi, gangandi og hjólandi, besta umferðarflæðið og auka til muna öryggi allra vegfarenda.